



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 91. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands þriðjudaginn 24. ágúst 2010 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Ragna Karlsdóttir og Sigurður M. Garðarsson. Boðuð forföll: Jónas M. Matthíasson.

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### **2. Umsóknir um styrki JHFÍ til að sækja jarðhitaráðstefnu**

Styrkurinn, allt að kr. 350 þúsund, var auglýstur fyrsta sinni sumarið 2010 og tvær umsóknir bárust, báðar mjög sterkar Með tilliti til allra fimm auglýstra valskilyrða. Taldi stjórnin sér ekki fært að gera upp á milli umsóknanna tveggja og var niðurstaðan sú að báðir umsækjendur fengju umræddan styrk að þessu sinni, allt að kr. 350 þúsund hvor. Styrkþegarnir eru doktorsnemarnir Edda Sif Pind Aradóttir og María Sigríður Guðjónsdóttir.

### **3. Haustfundur JHFÍ 2010**

Á aðalfundi JHFÍ 2010 var Kristján Sæmundsson kjörinn heiðursfélagi. Rætt var um að tileinka haustfundinn störfum Kristjáns og mun ÁM færa það í tal við Kristján. Ákveðið að stefna á byrjun desember. RK ræðir við Ólaf G. Flóvenz um að flytja samantektarerindi og kemur með ábendingar og tillögur að efnistöfum um önnur erindi.

### **4. Einföldun regluumhverfis virkjanaframkvæmda**

Enn rætt um æskilega nálgun að þessu brýna en umfangsmikla viðfangsefni. ÁM leggur drög að bréfi til forsætisráðherra.

### **5. Önnur mál**

Ákveðið að funda næst þriðjudaginn 21. september kl. 15:00 í húsakynnum HÍ, VR11, 2. hæð (fundarherberginu Langholti).

Fundi slitið kl. 16:20. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---